


# TINSTEYPA







## EFNI

- blað
- naglar
- MDF, 4mm og 12mm
- tin

## VERKFÆRI

- blýantur
- bor
- borvél
- bræðsluskál
- hamar
- kalkipappír
- lóðbyssa
- póleringavél
- silfursög / laufsög
- þjöl



1

## VERKLÝSING

- Teiknað form á blað sem passar á þynnri MDF kubbinn.
- Settu kalkipappír á MDF kubbinn og teikninguna ofan á. Tylltu þessu niður með málningarteipi.
- Dragðu nú yfir teikninguna þína með blýanti.
- Losaðu teikninguna og kalkipappírinn. Nú á myndin að vera komin yfir á MDF kubbinn.

2

- Boraðu gat fyrir innan teikningunar.
- Þræddu sagarblað í gatið og sagaðu formið út.

3

- Nelgdu nú MDF kubbinn ofan á þykkari kubbinn. Einn nagla í hvert horn.
- Nú er mótið tilbúið.



## 4

### VERKLÝSING

- Settu tin í bræðsluskálina.
- kveiktu á lóðbyssunni og bræddu tinið.
- Þegar tinið er orðið að fljótandi efni er því hellt varlega í mótið.

## 5

- Þegar málmurinn hefur kólnað og er aftur orðin að hörðu efni eru naglarnir fjarlægðir og málmurinn losaður úr mótinu.

## 6

- Sverfðu brúnirnar með þjöl og pússaðu með sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 320, næst notar þú 400, 600 og að lokum 1000 /1500.
- Boraðu gat og pússaðu með sandpappír ef þarf.
- Póleraðu nú stykkið og settu hlekk í gatið.

